

Ed.

397. Nefndarálit

[46. mál]

við frv. til námulaga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt með eftirgreindum

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr. Í stað „lögnámsmati“ komi: eignarnámsmati.
2. 8. gr. orðist svo:

Ráðherra er rétt, þá er almannahagur krefst þess, að taka eignarnámi námu-réttindi til eignar eða afnota ásamt nauðsynlegum landssvæðum og mannvirkjum til athafna vegna námurekstrarins.

Ef eignarnám á hluta af eign hefur í för með sér verulega rýrnun á notagildi hins hluta eignarinnar, er skylt, ef eigandi krefst þess, að láta eignarnámið taka til allrar eignarinnar.

Við ákvörðun eingarnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um jarðefni og kostnaðar af leit og vinnslu.

Rétt er, ef námueigandi krefst þess og ráðherra samþykkir, að meta endurgjald fyrir vinnsluréttinn:

- a) tiltekinn hluta óskírs (brúttó) hluta verðmætis þess, sem unnið er.
- b) tiltekinn hluta skírs (nettó) verðmætis þess, sem unnið er.

Er ráðherra hefur tekið landareign eignarnámi, skal þó fyrri eigandi eiga forgangsrétt að sérleyfi næst á eftir ríkinu.

Sveitarstjórn er heimilt með samþykki ráðherra að taka eignarnámi til eignar eða afnota malar- og grjótnámur ásamt nauðsynlegu landi, ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu.

3. Við 15. gr. bætist: Við framkvæmd 3. mgr. 3. gr. má beita dagsektum.

Nefndarmenn allir áskilja sér rétt til að flytja og fylgja öðrum breytingartil-lögum. Geir Hallgrímsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. marz 1973.

Steingrímur Hermannsson, form., frms.	Halldór Kristjánsson, fundaskr.	Ragnar Arnalds.
Björn Fr. Björnsson.	Eggert G. Þorsteinsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.